



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

1. apríl 2020
Tilvísun: 20011220

Númer: 14/2020

Dreifibréf til tilkynningarskyldra aðila skv. a-k-liðum 2. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

b.t. ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Efni: Yfirlýsing EBA um aðlögun eftirlits og áhættumats vegna peningabættis og fjármögnun hryðjuverka í ljósi áhrifa COVID-19

Um heim allan eru nú uppi fordæmalausar aðstæður vegna útbreiðslu Kórónuveiru (COVID-19) sem valdið hefur heimsfaraldri og mun óhjákvæmilega hafa margvísleg áhrif á fjármálamarkaði heimsins. Þó óvíst sé um langtímaáhrif faraldursins á fjármálakerfið þá liggur fyrir að draga muni úr flæði fjármagns og að breytingar verði á viðskiptahegðun, að minnsta kosti tímabundið. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur þegar hvatt eftirlitsskylda aðila til að yfirfara viðbúnaðaráætlanir sínar í því skyni að tryggja órofinn og traustan rekstur þrátt fyrir útbreiðslu veirunnar hér á landi.

Í þessum aðstæðum felast áskoranir sem kalla á aukna samvinnu eftirlitsaðila og aðila á fjármálamarkaði með það að markmiði að stuðla að skilvirku og stöðugu fjármálakerfi. Þessar áskoranir tengjast meðal annars aukinni hættu á fjármáglæpum og brýnni þörf á að viðhalda eftirliti vegna mögulegs peningabættis og fjármögnun hryðjuverka og hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin m.a. komið framangreindu á framfæri í [yfirlýsingu](#) sinni.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á mikilvægi þess að tilkynningarskyldir aðilar haldi áfram, þrátt fyrir þær aðstæður sem nú eru uppi, að sinna aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skv. lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í því skyni að standa vörð um trúverðugleika, stöðugleika og orðspor fjármálamarkaðarins.

Fjármálaeftirlitið beinir því til tilkynningarskyldra aðila á fjármálamarkaði að þeir leggi mat á það hvort þær aðstæður sem nú eru uppi gefi tilefni til að uppfæra áhættumat og þá jafnframt hvort aðlaga þurfi áhættumiðað eftirlit í takt við breyttar aðstæður, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018 og 9. gr. reglugerðar nr. 545/2019.

Aðilar sem stunda peningabætti geta verið fljótir að aðlagast og nýta sér breyttar aðstæður og þróa nýjar aðferðir og leiðir til að koma illa fengnu fé í umferð. Nú þegar eru uppi vísbendingar um fjársvik tengd

SEÐLABANKI ÍSLANDS

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík

www.seðlabanki.is ☎ 569 9600 fme@seðlabanki.is



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

COVID-19 sem beinast sérstaklega að fólki og fyrirtækjum í viðkvæmri stöðu. Í þessu sambandi má m.a. nefna sviksamlegar fjáraflanir og sölu á vörum sem skortur er á til viðkvæmra hópa á okurverði.

Í ljósi aðstæðna kann að vera nauðsynlegt að aðlagða færslueftirlit að breyttu færsluflæði fyrir þá viðskiptavini sem bjóða þjónustu vænta má að verði fyrir áhrifum vegna samkomubanns. Nánari upplýsingar um áhættuþætti má finna á heimasíðu eftirlitsins¹ og í sameiginlegu viðmunarreglum EBA (e. *joint guidelines*) um áhættuþætti sem tengjast aðgerðum tilkynningarskyldra aðila á fjármálamarkaði gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.²


Að framangreindu virtu beinir Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til tilkynningarskyldra aðila að þeir séu vel á verði gagnvart nýjum aðferðum og leiðum til peningabættis í starfsemi sinni vegna breytts efnahagsástands. Verði tilkynningarskyldir aðilar varir við tilraunir til peningabættis sem tengjast breyttri viðskiptahegðun sem rekja má til heimsfaraldurs Kórónuveiru leggur Fjármálaeftirlitið ríka áherslu á að skrifstofu fjármálagreininga lögreglu sé tilkynnt um það hið fyrsta.

Að lokum vekur Fjármálaeftirlitið athygli á meðfylgjandi skjali frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu þar sem varað er við ýmsum hættum sem tengjast þeim aðstæðum sem uppi eru og tilkynningarskyldir aðilar sem og aðrir þurfa að hafa í huga. Að auki hvetur Fjármálaeftirlitið tilkynningarskylda aðila til þess að kynna sér aðvaranir frá Europol³ annars vegar og Interpol⁴ hins vegar.

Virðingarfyllt,


Björk Sigurgísladóttir

framkvæmdastjóri lagalegt eftirlit og
vettvangsathuganir



Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri lífeyrir
og váttryggingar

¹ <https://www.fme.is/eftirlit/eftirlit-med-adgerdum-gegn-peningathvaetti-og-fjarmognun-hrydjuverka/log-reglur-og-leidbeiningar/>

² https://esas-joint-committee.europa.eu/Publications/Guidelines/Guidelines%20on%20Risk%20Factors/EN_04-01-2018.pdf

³ <https://www.europol.europa.eu/publications-documents/pandemic-profiteering-how-criminals-exploit-covid-19-crisis>

⁴ <https://www.interpol.int/en/News-and-Events/News/2020/INTERPOL-warns-of-financial-fraud-linked-to-COVID-19>

SEÐLABANKI ÍSLANDS
FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík

www.seðlabanki.is 0569 9600 fme@seðlabanki.is